

Lög

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- Í stað orðanna „í 3. gr.“ í 1. mgr. kemur: í viðauka I við lög þessi.
- Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Sala á gjaldskyldri vöru til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.
- Orðin „og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokun vara“ í 2. mgr. falla brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Vörugjald skal reiknað með tvenns konar hætti; annars vegar sem tiltekin fjárhæð fyrir hvert kílógramm eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru (magngjald), en hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru (verðgjald).

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í A-lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í B-lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvern lítra af vörunni, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, skal greiða gjald af verðmæti vöru sem hér segir:

- 15% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-lið.
- 20% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í D-lið.
- 25% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í E-lið.
- 30% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í F-lið.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. gr. laganna:

2. másl. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.
- Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Aðilum sem skráðir hafa verið sérstakri skráningu skv. 5. gr.
1. másl. 2. mgr. orðast svo: Aðilar, sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðilar eiga lögheimili.

4. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 5. gr. laganna og orðast svo:

Aðilar, sem flytja inn eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til heilðsölu, geta fengið sérstaka skráningu hjá skattstjóra. Skilyrði slíkrar skráningar eru:

1. Að aðili hafi heilðsölualeyfi.
2. Að aðili haldi sérstakt birgðabókhald yfir þær vörur sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör vörugjalds í samræmi við reglur sem ríkisskattstjóri setur.

Aðila, sem fengið hefur sérstaka skráningu, er heimilt að flytja gjaldskyldar vörur inn til landsins eða kaupa gjaldskyldar vörur innan lands af framleiðanda eða af öðrum sérstaklega skráðum aðila án þess að skylda stofnist til greiðslu vörugjalds, sbr. 4. mgr. 9. gr.

Innlendum framleiðendum og aðilum sem fengið hafa sérstaka skráningu er heimil sala eða afhending á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem skráðir eru samkvæmt þessari grein.

Þegar aðili, sem fengið hefur sérstaka skráningu, kaupir gjaldskyldar vörur án vörugjalds skal tilgreina á sölureikningum það magn eða það verð sem myndar gjaldstofn vörugjalds.

5. gr.

5. gr. laganna, sem verður 6. gr., ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldstofn verðgjalds.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, er tollverð þeirra eins og það er ákveðið í 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.

6. gr.

6. gr. laganna, sem verður 7. gr., orðast svo:

Gjaldstofn vörugjalds af innlendum framleiðsluvörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, er verksmiðjuverð þeirra.

Verksmiðjuverð er söluverð vöru frá framleiðanda, þ.e. það verð sem kaupandi greiðir eða ber að greiða við kaup á vöru af framleiðanda án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustu-gjalds.

Samsvari verksmiðjuverð ekki heildarandvirði vöru, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað verðmæti sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði vörunnar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Ef framleiðandi er jafnframt heilðsali eða smásali vöru eða ef verksmiðjuverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum skal gjaldstofn vera almennt gangverð á sömu eða sams konar vöru við sölu frá framleiðendum. Ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera verksmiðjuverð framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila.

Ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi 2. mgr. 8. gr. tollalaga er skattyfirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn samkvæmt ákvæðum 4. mgr. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari málsgrein.

7. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðast svo:

Tollstjórar skulu reikna vörugjald af gjaldskyldum vörum sem aðilar, aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 5. gr., flytja til landsins.

8. gr.

8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, desember og janúar, febrúar og mars, apríl og maí, júní og júlí, ágúst og september, október og nóvember. Gjaldsdagi hvers uppgjörstímabils er 15. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur, sem flytja vörur til landsins til endursölu, aðrir en þeir sem jafnframt eru

skráðir skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar, sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, skulu greiða vörugjald við tollafgreiðslu.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Þó skal ekki greiða vörugjald af vörum sem voru seldar án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr.

Aðilar, sem skráðir eru skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af þeim vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til staðar í birgðum í upphafi uppgjörstímabils en eru ekki til staðar í birgðum við lok uppgjörstímabils samkvæmt birgðabókhalddi. Þó skal hvorki greiða vörugjald af þeim vörum sem vörugjald hefur þegar verið greitt af né af vörum sem voru seldar án vörugjalds til annarra skráðra aðila skv. 5. gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber vörugjald af á uppgjörstímabilinu. Jafnframt skal tilgreina í skýrslunni sölu á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem eru skráðir skv. 5. gr. Skattstjóri skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

9. gr.

9. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðast svo:

Við skil á vörugjaldi í ríkissjóð er gjaldanda heimilt að draga frá það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili, hvort sem varan er seld innan lands með vörugjaldi eða úr landi án vörugjalds.

Sé vörugjald af aðföngum hærra á uppgjörstímabili en vörugjald af sölu skal mismunur endurgreiddur úr ríkissjóði. Hafi vörugjaldsskýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá lokum skilafrests.

10. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 11. gr. og orðast svo:

Heimilt er að kæra álagningu vörugjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi vörugjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 5. mgr. 9. gr. Tollstjóri eða skattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og ríkistollstjóri geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yf-

irskattanevndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2.–7. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

11. gr.

10. gr. laganna, sem verður 12. gr., orðast svo:

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga og laga um virðisaukaskatt.

12. gr.

Í stað orðanna „3. gr.“ tvívegis í síðari málslið 1. mgr. 11. gr. laganna, er verður 13. gr. þeirra, kemur: viðauka I.

13. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Viðauki I við lög um vörugjald.

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða sem hér segir:

<i>Tollskrárnúmer</i>	<i>kr./kg</i>	<i>Tollskrárnúmer</i>	<i>kr./kg</i>	<i>Tollskrárnúmer</i>	<i>kr./kg</i>
0813.4001	80	1701.9106	30	1702.9004	30
0813.5001	80	1701.9107	30	1702.9009	30
0901.1100	28	1701.9109	30	1703.1002	30
0901.1200	28	1701.9901	30	1703.1009	30
0901.2101	35	1701.9902	30	1703.9009	30
0901.2109	35	1701.9903	30	1704.1000	65
0901.2201	35	1701.9904	30	1704.9001	65
0901.2209	35	1701.9905	30	1704.9002	65
0901.9000	35	1701.9906	30	1704.9003	65
0902.1000	35	1701.9907	30	1704.9004	65
0902.2000	35	1701.9909	30	1704.9005	65
0902.3000	35	1702.1100	30	1704.9006	65
0902.4000	35	1702.1900	30	1704.9007	65
0903.0000	35	1702.2000	30	1704.9009	65
0909.1001	80	1702.3001	30	1805.0001	15
0909.5001	80	1702.3002	30	1805.0009	15
1211.9001	80	1702.3009	30	1806.1000	65
1211.9002	80	1702.4001	30	1806.2001	65
1701.1100	30	1702.4002	30	1806.2003	65
1701.1200	30	1702.4009	30	1806.2004	65
1701.9101	30	1702.5000	30	1806.2005	65
1701.9102	30	1702.6000	30	1806.2006	65
1701.9103	30	1702.9001	30	1806.2009	65
1701.9104	30	1702.9002	30	1806.3101	65
1701.9105	30	1702.9003	30	1806.3109	65

1806.3201	65	2007.1000	12	2106.9023	80
1806.3202	65	2007.9100	12	2106.9024	80
1806.3203	65	2007.9900	12	2106.9025	80
1806.3209	65	2008.1101	12	2106.9026	80
1806.9011	15	2008.1109	12	2106.9031	25
1806.9012	15	2008.1900	12	2106.9039	80
1806.9019	15	2008.2001	12	2106.9041	25
1806.9023	65	2008.2009	12	2106.9042	25
1806.9024	65	2008.3001	12	2106.9048	25
1806.9025	65	2008.3009	12	2106.9049	25
1806.9026	65	2008.4001	12	2106.9061	65
1806.9027	65	2008.4009	12	2106.9062	12
1806.9028	65	2008.5001	12	2106.9063	30
1806.9029	65	2008.5009	12	3003.9001	65
1806.9039	65	2008.6001	12	3004.5004	65
1901.9011	15	2008.6009	12	3004.9004	65
1901.9019	15	2008.7001	12	3302.1021	65
1904.1001	40	2008.7009	12	3302.1029	65
1905.2000	40	2008.8001	12	3302.1030	65
1905.3011	40	2008.8009	12	4011.1000	20
1905.3019	40	2008.9100	12	4011.2000	20
1905.3021	40	2008.9201	12	4011.4000	20
1905.3029	40	2008.9209	12	4011.5000	20
1905.3030	40	2008.9901	12	4011.9100	20
1905.9030	20	2008.9902	12	4011.9900	20
1905.9060	20	2008.9909	12	4012.1000	20
2005.2003	20	2101.1100	80	4012.2000	20
2006.0011	12	2101.1201	80	4012.9000	20
2006.0012	12	2101.1209	80	4013.1000	20
2006.0019	12	2101.2001	80	4013.2000	20
2006.0021	12	2101.2009	80	4013.9000	20
2006.0022	12	2101.3001	80	4016.9922	20
2006.0023	12	2101.3009	80	4016.9925	20
2006.0029	12	2106.9021	400		
2006.0030	12	2106.9022	30		

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvern lítra af vörunni sem hér segir:

<i>Tollskrárnúmer</i>	kr./kg	<i>Tollskrárnúmer</i>	kr./kg	<i>Tollskrárnúmer</i>	kr./kg
2009.1101	9	2009.6001	9	2106.9011	9
2009.1109	9	2009.6009	9	2106.9019	9
2009.1901	9	2009.7001	9	2201.1000	9
2009.1909	9	2009.7009	9	2202.1001	9
2009.2001	9	2009.8001	9	2202.1002	9
2009.2009	9	2009.8009	9	2202.1009	9
2009.3001	9	2009.9001	9	2202.9001	9
2009.3009	9	2009.9009	9	2202.9002	9
2009.4001	9	2105.0011	9	2202.9009	9
2009.4009	9	2105.0019	9	2203.0001	9
2009.5001	9	2105.0021	9	2204.1001	9
2009.5009	9	2105.0029	9	2204.2111	9

2204.2121	9	2204.2921	9	2205.1001	9
2204.2131	9	2204.2931	9	2205.9001	9
2204.2141	9	2204.2941	9	2206.0001	9
2204.2151	9	2204.2951	9	2206.0009	9
2204.2161	9	2204.2961	9	2208.9091	9
2204.2911	9	2204.3001	9	2209.0000	9

C. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 15% vörugjald:

3303.0001	3920.2001	4411.2101	5703.9009	7007.1101
3303.0002	3920.3001	4411.2901	5704.1000	7007.2101
3304.1000	3920.4101	4411.3101	5704.9000	7009.1000
3304.2000	3920.4202	4411.3901	5705.0001	7014.0001
3304.3000	3920.5101	4411.9101	5705.0009	7315.9001
3304.9100	3920.5901	4411.9901	5805.0000	7320.1000
3304.9900	3920.6101	4412.1301	5904.1000	7320.2001
3305.2000	3920.6201	4412.1401	5904.9100	7320.9001
3305.3000	3920.6301	4412.1901	5904.9200	7324.1000
3305.9000	3920.6901	4412.2201	6702.1000	7324.2100
3307.1000	3920.7101	4412.2301	6702.9000	7324.2900
3307.2000	3920.7301	4412.2901	6802.1000	7324.9000
3307.3000	3920.7901	4412.9201	6802.2109	7417.0000
3307.4100	3920.9101	4412.9301	6802.2209	7418.2000
3307.4900	3920.9401	4412.9901	6802.2309	7419.9904
3307.9002	3920.9902	4413.0001	6802.2909	7615.2000
3307.9009	3922.1000	4418.3000	6802.9109	8301.2000
3701.2000	3922.2000	4504.1002	6802.9209	8301.4001
3701.9109	3922.9001	4601.2000	6802.9309	8302.1001
3701.9909	3922.9009	4815.0000	6802.9909	8302.3000
3702.2000	3925.9002	5602.9001	6803.0000	8302.4901
3702.3100	3926.3001	5701.1000	6806.2000	8407.3100
3702.3200	4003.0001	5701.9000	6806.9001	8407.3200
3702.3909	4008.1101	5702.1000	6806.9009	8407.3300
3702.4402	4008.2101	5702.2000	6807.1001	8407.3400
3702.5100	4016.9100	5702.3100	6807.9001	8408.2000
3702.5200	4016.9918	5702.3200	6808.0000	8426.1201
3702.5300	4016.9919	5702.3900	6809.1101	8426.1209
3702.5400	4016.9925	5702.4100	6809.1901	8426.1900
3702.5500	4407.1001	5702.4200	6809.9001	8426.2000
3702.5600	4407.2401	5702.4900	6809.9009	8426.3000
3702.9100	4407.2501	5702.5100	6811.2001	8426.4101
3702.9200	4407.2601	5702.5200	6811.9001	8426.4109
3702.9300	4407.2901	5702.5900	6811.9009	8426.4900
3702.9400	4407.9101	5702.9100	6814.1000	8426.9100
3702.9500	4407.9201	5702.9200	6904.9000	8426.9900
3918.1001	4407.9901	5702.9900	6905.1000	8428.1001
3918.1002	4409.1001	5703.1001	6905.9000	8428.4000
3918.9011	4409.2001	5703.1009	6907.1000	8431.3100
3918.9019	4410.1101	5703.2001	6907.9000	8481.1000
3918.9021	4410.1901	5703.2009	6908.1000	8481.2000
3918.9029	4410.9001	5703.3001	6908.9000	8481.3000
3919.9010	4411.1101	5703.3009	6910.1000	8481.4000
3920.1002	4411.1901	5703.9001	6910.9000	8481.8000

8481.9000	8536.5000	8540.1100	8544.4900	9405.2001
8507.1000	8536.6100	8540.1200	8544.5100	9405.2009
8507.2000	8536.6900	8540.2000	8544.5900	9405.3000
8507.3009	8536.9000	8540.4000	8544.6000	9405.4001
8507.4000	8537.1009	8540.5000	8544.7000	9405.4009
8507.8000	8537.2000	8540.6000	8714.1100	9405.5000
8507.9000	8538.1000	8540.7100	8714.1900	9405.6001
8535.1000	8538.9000	8540.7200	8716.8001	9405.6009
8535.2100	8539.1000	8540.7900	8716.8009	9405.9101
8535.2900	8539.2100	8540.8100	8716.9009	9405.9109
8535.3000	8539.2200	8540.8900	9007.1100	9405.9201
8535.4000	8539.2900	8540.9100	9007.1900	9405.9202
8535.9000	8539.3100	8540.9900	9007.2001	9405.9209
8536.1000	8539.3200	8544.1100	9007.2009	9405.9910
8536.2000	8539.3900	8544.1900	9007.9100	9405.9921
8536.3000	8539.4100	8544.2009	9007.9200	9405.9929
8536.4100	8539.4900	8544.3000	9405.1001	
8536.4900	8539.9000	8544.4100	9405.1009	

D. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

7321.1100	8421.1201	8476.8900	8516.7901	8708.9300
7321.1200	8421.3901	8476.9000	8516.7909	8708.9400
7321.1300	8422.1100	8479.6001	8516.8001	8708.9900
7321.8100	8433.1100	8479.8901	8544.3000	9608.1000
7321.8200	8433.1900	8511.1000	8545.9001	9608.2000
7321.8300	8450.1100	8511.2000	8708.1000	9608.3100
7321.9000	8450.1200	8511.3000	8708.2900	9608.3900
8418.1001	8450.1900	8511.4000	8708.3100	9608.4000
8418.2100	8450.9000	8511.5000	8708.3900	9608.5000
8418.2200	8451.1009	8511.8000	8708.4000	9608.6000
8418.2900	8451.2100	8511.9000	8708.5000	9608.9100
8418.3001	8451.3001	8516.5000	8708.6000	9608.9900
8418.4001	8476.2100	8516.6001	8708.7000	9609.1000
8418.6101	8476.2900	8516.6002	8708.8000	9609.2000
8418.6901	8476.8100	8516.6009	8708.9100	9609.9000

E. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

8517.1901	8518.9000	8519.9200	8520.3200	8521.9021
8518.2109	8519.1000	8519.9300	8520.3300	8521.9029
8518.2209	8519.2100	8519.9901	8520.3900	8522.1000
8518.2900	8519.2900	8519.9902	8520.9001	8522.9000
8518.3000	8519.3100	8519.9909	8520.9009	
8518.4009	8519.3900	8520.1000	8521.1021	
8518.5009	8519.4000	8520.2000	8521.1029	

F. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 30% vörugjald:

8527.1201	8527.2101	8527.3109	8528.1302	8529.9009
8527.1209	8527.2102	8527.3200	8528.1309	8543.8001
8527.1301	8527.2109	8527.3900	8528.2109	8543.8901
8527.1302	8527.2900	8527.9009	8528.2209	8543.9001
8527.1309	8527.3101	8528.1202	8528.3009	9301.0000
8527.1900	8527.3102	8528.1209	8529.1009	9302.0000

9303.1000	9303.9009	9305.2100	9306.1000	9306.3009
9303.2000	9304.0000	9305.2900	9306.2100	9306.9009
9303.3000	9305.1000	9305.9000	9306.2900	9307.0000

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Ákvæði þeirra skulu taka til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem framleiða eða flytja til landsins vöru sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá skv. 2. mgr. 4. gr. laganna við gildistöku laga þessara skulu tilkynna innan 15 daga frá því að lög þessi öðlast gildi um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra eða tollstjóra þar sem þeir eiga lögheimili.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal fyrsta uppgjörstímabil vörugjalds samkvæmt lögum þessum vera þrjú mánuðir, júlí, ágúst og september 1996.

Samþykkt á Alþingi 4. júní 1996.